Arktúrusar — Til þóknanlegrar leiðbeiningar skal ekki undanfellt að gefa þjónustu- **49** 23. febr.
samlega til vitundar, að gufuskipið »Arktúrus» mun á 4. ferð þess frá Íslandi leggja af stað frá Reykjavík 30. júlí þ. á. í stað hins 27. s. m., er tiltekinn er í ferða-áætluninni, og að skipið mun í öllum ferðunum frá Íslandi leggja af stað frá Reykjavík kl. 3 eptir hádegi hinn tiltekna burtfarardag í stað kl. 6 eða 8 fyrir hádegi, og er það gjört vegna þess, að það á að koma við á Vestmannaeyjum.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* kennslu yfirsetu- **50**
kvenna og um yfirsetu-áhöld. — Þar sem hjeraðslæknirinn í 11. lækn- 24. febr.
ishjeraði hafði mælzt til þess, að sjer yrði veitt hæfileg þóknun úr landssjóði fyrir að hafa samkv. 5. gr. yfirsetukvennalaganna 17. desbr. f. á. kennt 3 yfirsetukonum, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 24. nóvbr. f. á. spurt um, hvort landlækni eða hlutaðeigandi hjeraðslæknum beri sjerstök þóknun fyrir slíka kennslu og yfirheyrslu; hafið þjer um leið beiðzt vísbendingar ráðgjafans um það, hvort kaupa megi samkvæmt 4. gr. laganna 17. desbr. 1875 á kostnað landssjóðs hin nauðsynlegu áhöld handa öllum yfirsetukonum, eða að eins handa þeim, er kennt er, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, og hvort svo beri á að líta, sem áhöldin eigi að fylgja yfirsetu-sýslaninni, og beri því að skila þeim þeirri, er við tekur, er yfirsetukvennaskipti verða, eða ekki.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að kennsla yfirsetukvenna verður samkvæmt 5. gr. laganna 17. desbr. 1875 að telja með öðrum störfum læknisins í landsins þjónustu, og með því að eptir reglum þeim, er staðið hafa að undanförnu og sem skylduðu landlækni til þess að segja yfirsetukvennaefnum til kauplaust, hefir eigi verið greidd nein þóknun fyrir þenna starfa, getur samkvæmt 1. lið 4. gr. laganna 14. oktbr. 1875 ekki heldur eptirleiðis borið landlækni eða þeim 4 hjeraðslæknum, er 5. gr. laganna frá 17. desbr. 1875 felur á hendur kennslu yfirsetukvenna, nokkur borgun fyrir þetta. Þess er því næst að geta, að því er snertir skilninginn á 4. gr. nýnefndra laga, að eigi getur að dómi ráðgjafans leikið neinn efi á því, að hin nauðsynlegu áhöld beri að útvega handa öllum hjeraðsyfirsetukonum, er *skipaðar* eru samkvæmt lögunum, og hvort sem þær hafa fengið tilsögnina fyrir eða eptir að lögin öðluðust gildi, og að áhöldin verði að fylgja sýsluninni; en að öðru leyti verði að telja sjálfsagt að eigi verði farið að útvega aptur á kostnað almennings áhöld handa þeim yfirsetukonum, er kynnu að hafa í fyrri stöðu sinni fengið áhöld fyrir fje úr almennum sjóði, og þetta mun eiga sjer stað um allar þær, er notið hafa tilsagnar á fæðingarstofnuninni.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* styrk til að gefa út **51**
forn-rit. — Með þóknanlegu brjefi 2. desbr. síðastl. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent 24. febr.
hingað bónarbrjef frá sóknarprestinum að Melstað, sira Þorvaldi Bjarnarsyni, ásamt álitsskjali frá biskupinum á Íslandi, og fer beiðandi fram á, að sjer verði veittur 1000—1100 kr. styrkur úr landsjóði, til að gefa út hinar ágætustu óprentuðu þýðingar á «homilium« (prjedikunum) og «homiletiskum ritum» (biflíuskýringum) fornkirkjunnar, er handritasafn Árna Magnússonar hafi einkum að geyma. Hafið þjer tekið fram, herra landshöfðingi, að yrði hinn umbeðni styrkur veittur, mundi eiga að taka hann af þeim hlut fjárins, sem veitt er með 15. gr. fjárlaganna, er ráðgjafinn hefir umráð yfir, en segizt þó jafnframt vera fús á